# Vinnuferli þegar upp kemur grunur um einelti í skólanum

Þelamerkurskóli

Starfsmaður skólans skráir tilkynninguna á þar til gert eyðublað og skilar henni til skólastjóra
Eineltisteymi fer yfir allar tilkynningar

Nemandi /foreldri tilkynnir starfsmanni skólans

**Umsjónarkennari** notar gátlista hér til hliðar vegna tilkynningar á grun um einelti

**Gátlisti**

- **Ræðir við þolanda**
- **Ræðir við meinta gerendur**
- **Leitar upplýsinga hjá starfsfólki skólans**
- **Leitar upplýsinga hjá öðrum nemendum**
- **Ræðir við foreldra þolenda**
- **Ræðir við foreldra meints geranda**
- **Tengslakönnun lögð fyrir bekkinn**

**Umsjónarkennari** hefur samband við **alla starfsmenn sem tengjast þolanda og geranda**, þ.e. alla kennara sem kenna bóklegar greinar og verklegar svo og íþróttakennara, skólaliða, starfsfólk í mötuneyti, íþróttahúsi og bílstjóra til þess að gefa upplýsingar um málið og óskar eftir því að allir fylgist með.

**Ef um einelti er að ræða fer eftir -arandi ferli í gang**

-**Einstaklingsviðtöl** við þolendur þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram.
-**Alvarleg einstaklingsviðtöl** við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að þeir hætti eineltinu.
-Ráðstafanir skipulagðar með **foreldrum** þolenda og gerenda.
-**Bekkjarfundir** um einelti og samskipti.
-**Eftirfylgni** þar sem rætt er reglulega við þolendur, gerendur og foreldra.

**Eineltisteymi Þelamerkurskóla**
Eineltisteymi fundar einu sinni í mánuði. Það heldur utan um tilkynningar og fylgist með framvindu mála.
Veitir ráðgjöf og stuðning við úrlausn eineltismála á öllum stigum þess.

**<u>Í eineltisteyminu eru:</u>**
Skólastjóri
Aðstoðarskólastjóri
Iðjuþjálfi

**Ef eineltið hættir ekki þá er málinu vísað til nemendaverndarráðs**